

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf Ísafirði



Dags eftirlits	13.12.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Á Kristinsson	Staðsetning	N66 04,183 V23 07,421

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Tilgangur eftirlitsins var að fara yfir kröfur í undanþágu ráðuneytisins og meta stöðu umhverfismála með tilliti til krafna sem gerðar eru.

Undanþágan er gefin út 2. júlí sl. og setur kröfur sem fara skal eftir. Stöðin var skoðuð með tilliti til þeirra. Eftirfarandi kom í ljós:

1. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi í landi, þó með þeirri undantekningu sem um er vitað, að mengunarvarnir uppfylla ekki öll ákvæði reglugerðarinnar.

• Við skoðun á olíubirgðastöðinni kom í ljós að Olíudreifing ehf. rekur stöðina að mestu leyti eins og aðrar stöðvar sínar. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

2. Undantöppun úr olíugeymum skal vera í lokuðu kerfi.

• Undantöppun er í lokuðu kerfi. Þegar vatni er tappað undan geymum þá er vökvanum safnað á 1000 lítra ker sem síðan er dælt upp úr og því fer enginn vökvi niður í próarbotn í stöðinni. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

3. Tæming og eftirlit með undantöppunarpró og olíuskilju skal aukið og framkvæmt a.m.k. mánaðarlega.

• Við skoðun á skráningum í rekstrarhandbók og skráningarblöðum kom í ljós að undantöppunarpró er tæmd strax að undantöppun lokinni og olíuskilja hefur verið tæmd mánaðarlega. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

4. Gæta skal fyllsta rekstraröryggis með því að umgangast olíu með sérstakri aðgát og að eingöngu er heimilt að fá starfsfólk með þekkingu á meðhöndlun olíu og viðeigandi þjálfun í störf í olíubirgðastöðinni.

• Gámapjónusta Vestfjarða (GV) rekur olíubirgðastöðina á Ísafirði fyrir hönd Olíudreifingar. Engin óhöpp hafa orðið í stöðinni á undanþágutímanum. Einn reyndur stafsmaður GV sér um stöðina og ekur olíuflutningabifreiðinni. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

5. Halda skal rekstrardagbók þar sem skráð er viðhald og eftirlit.

• Rekstrarhandbók er í stöðinni. Skráð er daglegt eftirlit, vikulegt eftirlit og mánaðarlegt eftirlit og viðhald í stöðinni. Skráningar voru góðar. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

6. Stöðin skal hafa viðbragðsáætlun og ábyrgðartryggingu vegna mengunarslysa.

• Staðfest er að viðbragðsáætlun er til staðar og ábyrgðartrygging ODR tekur til allrar meðhöndlunar þeirra á olíu og olíubirgðastöðva. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

7. Lagnir og geymar skulu standast prófanir.

• Reglugerð nr. 35/1994 kveður á um botnþykktarmælingar á geymum og þrýstiprófanir á lögnum. Geymar og lagnir sem eru í notkun í stöðinni hafa staðið tilskildar prófanir. Þessi krafa undanþágunnar telst því uppfyllt.

8. Aðgengi að stöðinni skal vera takmarkað með girðingum og hliði.

• ESSO-stöðin er lokuð með girðingum og hliði eins og tilskilið er, í sameiginlegu stöðinni er girðing um stöðina, en hliðgrindur eru ekki á hjörum og er ekki lokað þegar stöðin er mannláus. Eftir umræður um þetta varð niðurstaðan sú að rekstraraðili ætlar að loka stöðinni með hliði. Þegar hliðgrind hefur verið sett upp telst þessi krafa undanþágunnar uppfyllt.

9. Fara skal eftir áætlun þeirri sem nú er verið að ganga frá um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs við frágang gömlu stöðvarinnar.

• Olíudreifing ehf. hefur lagt fram áætlun um hreinsun stöðvanna þegar hlutverki þeirra er lokið. Áætlunin var lögð fyrir Umhverfisstofnun sem sendi hana áfram til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar. Ekki bárust athugasemdir við áætlunina og hefur hún því verið samþykkt af stofnuninni.

10. Olíudreifing ehf. skal senda stöðuskýrslur á tveggja mánaða fresti um framgang mála við gerð nýju stöðvarinnar á Mávagarði.

• Í september og nóvember sl. bárust stöðuskýrslur ODR til stofnunarinnar. Umhverfisstofnun hefur birt þær á heimasíðu sinni.

11. Olíubirgðastöðin á Ísafirði skal vera undir reglulegu mengunarvarnareftirliti Umhverfisstofnunar á undanþágutímanum.

• Umhverfisstofnun hefur farið í eftirlit með undanþágustöðinni á Ísafirði. Þessi skýrsla er til marks um það. Niðurstaða eftirlitsins er að stöðin er ágætlega rekin og er í meginatriðum farið að kröfum ráðuneytisins um mengunarvarnir.

Fjórir geymar í stöðinni hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Einungis þeir eru í notkun. Nokkrir aflagðir geymar eru í stöðinni og óvíst er um ástand þeirra.

Tvær lagnir eru í notkun í stöðinni, gasolíulögn nr. 400.60.00 og skipagasolíulögn nr. 400S.60.00, báðar voru þrýstiprófaðar árið 2008.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 43 í reglugerð 35/1994 - Girðingar og hlið	Krafa er um að olíubirgðastöðvar skuli afgirtar með minnst 2 metra hárrí girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð. Setja þarf upp hlið að sameiginlegu stöðinni.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 17.12.2012



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í bágu heilsuverndar, umhverfisverndar og örvqis en sem ekki